

RE: Umsókn um framkvæmdaleyfi

Til : Axel Rodriguez Överby;Helena Skaptason Jónsdóttir
Frá : Heiða Jack
CC : hjörleifur finnsson <hfinnsson@gmail.com>;Birgir Gunnarsson
Heiti : RE: Umsókn um framkvæmdaleyfi
Málsnúmer : 2021050039
Málsaðili : Ísafjarðarbær - Skipulagsfulltrúi
Skráð dags : 10.05.2021 18:36:11
Höfundur : Heiða Jack

Sæl Helena og takk fyrir erindið.

Eftirfarandi

-----Original Message-----

From: Axel Rodriguez Överby
Sent: þriðjudagur, 4. maí 2021 14:45
To: Helena Skaptason Jónsdóttir ; Heiða Hrunð Jack
Cc: hjörleifur finnsson ; Birgir Gunnarsson
Subject: RE: Umsókn um framkvæmdaleyfi

Sæl Helena

Þetta erindi var sent á Heiðu, hún heldur utan um fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, nefndin mun taka þetta til umfjöllunar á næsta fundi nefndar. Hvorki Heiða né ég höfum umboð til útgáfu framkvæmdaleyfa. Þess vegna þarf nefndin að taka þetta fyrir.

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umverfis- og eignasviðs
450 8000 - axelov@isafjordur.is

-----Original Message-----

From: Helena Skaptason Jónsdóttir
Sent: mánudagur, 3. maí 2021 08:21
To: Helena Skaptason Jónsdóttir
Cc: Axel Rodriguez Överby ; hjörleifur finnsson ; Birgir Gunnarsson
Subject: Re: Umsókn um framkvæmdaleyfi

Kæri Axel,

Ég vitna enn og aftur í neðangreinda umsókn sem ég sendi hinn 19. apríl.
Það væri afar gott að heyra frá þér um það hvort að umsókn sé í ferli og hvenær við getum búist við því að fá einhver svör.

Hljáar kveðjur,
Helena

Helena Jónsdóttir
Verkefnastjóri á Flateyri
Skúrin, samfélagsmiðstöð - Hafnarstræti, Flateyri
661 7808 - helenaj@isafjordur.is

> On Apr 26, 2021, at 09:43, Helena Skaptason Jónsdóttir wrote:

>

> Sæll Axel,

>

> Ég vitna til neðangreindar umsóknar í þeirri von að erindið sé mótttekið og í vinnslu.

> Getur þú staðfest við mig að svo sé?
> Það væri gott að heyra í þér varðandi það hvort að frekari upplýsinga sé þörf.
>
> Hljýjar kveðjur,
> Helena

>
>
> Helena Jónsdóttir
> Verkefnastjóri á Flateyri
> Skúrin, samfélagsmiðstöð - Hafnarstræti, Flateyri
> 661 7808 - helenaj@isafjordur.is

>
>> On Apr 19, 2021, at 14:01, Helena Skaptason Jónsdóttir wrote:

>>
>>
>> Ísafjarðarbær
>> Umhverfis- og eignasvið
>> b.t. Axels R. Överby.

>> Umsókn um framkvæmdaleyfi

Flateyri, 19. apríl 2021

>>
>>
>> Varðar: Gönguleiðir í Önundarfirði
>> Unnið af: Helenu Jónsdóttur, verkefnastjóra á Flateyri

>>
>> Til þeirra er málið varðar,

>> Með bréfi þessu er sótt um framkvæmdaleyfi fyrir uppbyggingu á tveimur gönguleiðum í Önundarfirði en Ísafjarðarbær hefur hlotið myndarlegan styrk til þessa verkefnis úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og mun verkefnið verða unnið á tímabilinu maí - september 2021.

>>
>> Verkefnið hefur þegar verið rætt á fundi með sviðsstjóra skipulags- og framkvæmdasviðs, Axel Överby en því er hér lýst frekar:

>>
>> Fyrirhugað er að stika og merkja hjóla- og gönguleið um Klofningsdal - Eyrarfjall og aðra á fjallið Þorfinn, báðar í Önundarfirði. Um er að ræða þekktar en villugjarnar gönguleiðir þar sem nauðsynlegt er að bæta öryggi og aðgengi og gera auðveldari yfirferðar. Sú fyrri býr til lítið gönguleiðakerfi þar sem hægt er að ganga í styttri hring og opna leið að útsýnisstað á Eyrarfjalli. Einnig markar gönguleiðin um gamla þjóðleið yfir Klofningsheiði og yfir í Sunndal í Súgandafirði.

>>
>> Verklega framkvæmdin felst í að setja niður skilti og vegvísa, dreng og aðra jarðvinnu þar sem þess gerist þörf á göngu/hjólaleiðunum. Leiðin um Klofningsdag er mestmegnis á gamalli þjóðleið sem er orðin erfíð yfirferðar vegna stórgrýtis og þarf að hreinsa fyrir göngu- og hjólafólk. Gönguleiðin á Þorfinn hefst við Grafargil. Þar felst vinna í því að beina ferðafólki frá sumarhúsi að hentugu bílastæði sem útbúið verður við veg við upphaf gönguleiðar og stikun leiðar upp á topp fjallsins og út á útsýnisstaði.

>>
>> Notast verður við lerkistikur og lerkistöðir í skilti. Lerki býr yfir náttúrlegri fúavörn og verður því hvorki málað né fúavarið. Unnið verður í samræmi við viðmið um Earth check vottun Ísafjarðarbæjar.

>>
>> Þess er óskað að málinu verði hraðað þar sem áætlað er að framkvæmdir hefjist um miðjan maí ef mögulegt er.

>>
>> Virðingarfyllst,
>> Helena Jónsdóttir

>>
>> Verkefnastjóri á Flateyri
>> Skúrin, samfélagsmiðstöð - Hafnarstræti, Flateyri
>> 661 7808 - helenaj@isafjordur.is

>>

